

A 1651/medborger

Afgreiðsla

Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit um
**Þingmannatillaga
um aðgerðir gegn mansali**

Tillaga

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún tryggi að í höfð verði hliðsjón af nýjum birtingarmyndum nauðungarvinnu og misneytingar á einstaklingum í baráttunni gegn mansali. Dæmi:

- kynferðisleg misneyting á einstaklingum gegnum beint streymi á netinu;
- bótasvindl þar sem þolendur eru sóttir til Norðurlanda í þeim tilgangi að misnota félagslegar bætur frá hinu opinbera sem forsprakkarnir taka út;
- stofnun fyrirtækja (þar á meðal gervifyrirtækja) þar sem þolendur mansals eru þrælkaðir til vinnu við ómannúðlegar aðstæður;

að hún vinni viðhorfsáætlun sem inniheldur siðferðislegar leiðbeiningar og átaks-
aðgerðir í þeim tilgangi að draga úr eftirspurn eftir einstaklingum, sem ganga kaupum og sölum, til ýmiss konar nauðungarvinnu;

að hún hefji rannsókn á efnahagskerfi mansals og þrælahalds á Norðurlöndum.

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær berjast gegn mansali á hælisleitandi börnum með fræðslu og upplýsingum í móttökumiðstöðvum um réttindi barna;

að þær virki borgarasamfélagið í baráttunni gegn mansali – meðal annars félags-
samtök sem sinna þessum málum, stéttarhreyfingunni og aðilum vinnumarkaðarins;

að þær beiti sér fyrir því að höfð verði hliðsjón af nýjum birtingarmyndum mansals í evrópskri og alþjóðlegri löggjöf.



Forsaga

Flokkahópur miðjumanna flutti tillögu um aðgerðir gegn mansali á þingi Norðurlandaráðs 2015. Tillagan var svohljóðandi:

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að hún efli starf gegn mansali þar sem lögð er áhersla á norræna samvinnu og aðgerðir yfir landamæri;
- að hún efli enn frekar alþjóðlegt samstarf um aðgerðir gegn mansali;
- að hún beiti sér fyrir því að lögregla, ábyrg yfirvöld, tollayfirvöld, starfsfólk öldrunarþjónustu, starfsfólk móttökubúða hælisleitenda, heilbrigðisstarfsfólk og kennarar hinna ýmsu starfsmannahópa sem málið varðar öðlist hæfni til þess að bera kennsl á fórnarlömb mansals;
- að með því að skiptast á þekkingu og reynslu verði stuðlað að því að fórnarlömb mansals fái góða meðferð;
- að hún hvetji öll aðildarlöndin eins og unnt er til þess að endurskoða gildandi löggjöf með það fyrir augum að herða refsingar fyrir mansal.

Tillagan var send til meðferðar í norrænu velferðarnefndinni og skipaði nefndin starfshóp til að kanna málið nánar. Starfshópin skipuðu þau Pia Hallström (M) og Christian Juul (EL). Haustið 2016 bættust í hópinn þau Bengt Morten Wenstøb í stað Piu Hallström og Anna Maja Henriksson fyrir hönd flutningsmanna tillögunnar.

Starfshópurinn fór yfir fyrri tilmæli og ræddi hvernig tekið er á mansali í löndunum og alþjóðlega. Á fundi nefndarinnar þann 1. nóvember 2016 rakti Søren Stokholm Thomasen, aðalráðgjafi hjá Norrænu ráðherranefndinni, þær aðgerðir og verkefni sem hafin eru eða eru í undirbúningi hjá ráðherranefndinni. Um er að ræða níu mismunandi þverfagleg verkefni sem öll eiga sama meginmarkmið. Sum verkefnanna eru unnin í samstarfi við aðrar stofnanir á svæðinu eða í löndunum, önnur eru í umsjón skrifstofa ráðherranefndarinnar í Eystrasaltsríkjunum. Á haustdögum 2016 tóku fulltrúar starfshópsins þátt í málþingum og ráðstefnum um málefnið. Í framhaldinu breyttu þeir upphaflegu tillögunni og aðlöguðu hana að þeim viðfangsefnum sem efst eru á baugi í málefnum mansals og þrælahalds.

Birtingarmyndir mansals/þrælahalds eru margar og mismunandi. Auk kvenna í kynlífsiðnaði má nefna nauðungarvinnu í þjónustugreinum, landbúnaði, byggingariðnaði og víðar. Nauðungarvinna af þessu tagi færir í aukana á Norðurlöndum.

Ný birtingarmynd mansals er þegar viðkvæmir einstaklingar í bágri stöðu eru tældir til Norðurlanda með prettum og lygum í þeim tilgangi að misnota félagslegar bætur hins opinbera sem forsprakkarnir taka út. Um er að ræða útbreidd og margslungin afbrot, meðal annars fölsun persónuskilríkja, bótasvindl og stofnun gervifyrirtækja. Einkennandi er að einstaklingarnir líta ekki á sig sem þolendur mansals eða fórnarlömb. Hvepsebomálið svonefnda í Danmörku frá árunum 2014–2016 er dæmigert fyrir þessa tegund mansals og má búast við sambærilegum margslungnum mansalsmálum víðar á Norðurlöndum.



Kynlífsiðnaðurinn á einnig stóra hlutdeild í mansali. Kynferðisleg misneyting einstaklings á sér þó fleiri birtingarmyndir en áður. Dæmi er um karl nokkurn í Björgvin í Noregi sem misneytt börn kynferðislega á netinu gegnum Skype í Asíu. Lagalega séð er sú tegund glæpa (nefnd „*online sexual abuse*“ (netofbeldi)) ákaflega margslungin. Til þess að hægt verði að refsa fyrir slíka glæpi og fyrirbyggja þá er þörf á umfangsmiklu alþjóðlegu samstarfi. Nýjar tegundir afbrota nýta oft smugur í löggjöfinni eða skort á lögum vegna þess að umræddur glæpur hefur ekki þekkst áður og því hefur ekki verið séð við honum. Gerir þetta sérstakar kröfur til löggjafaraðila hvort sem er í löndunum, hjá ESB eða alþjóðlega.

Á sama tíma fjölgar hælisleitendum og innflytjendum á Norðurlöndum sem margir hverjir hafa komist á leiðarenda eftir ólöglegum leiðum. Manseljendur og smyglarar á fólki standa að flestum flutningsleiðum til Evrópu og eru sumir einstaklingar sendir gegn vilja sínum í slíkar ferðir.

Á Norðurlöndum er að finna börn sem leita ekki hælís heldur eru það skipuleggjendur glæpa sem koma börnunum fyrir í löndunum. Börnin eru tengd glæpamönnum eða glæpasamtökum sem þau þekkja ekki sjálf. Börnin átta sig ekki á því að þau eru þolendur mansals. Á sama tíma skulda þau höfuðpaurunum greiðslu fyrir ferðina hingað. Þegar greiðar á af skuldinni er börnunum ýtt út á glæpabrautina hvort sem það er vændi, hryðjuverk, nauðungarhjórabönd eða annað. Þolendur líta ekki á sig sem fórnarlömb, allra síst drengirnir vegna menningarlegs misskilnings þeirra á því sem karlmennska felur í sér.

Vinumarkaðurinn – einnig sá ólöglegi – verður fyrir áhrifum aukinna fólksflutninga. Lág laun eru betri en engin laun og hælisleitendur sem synjað hefur verið um hæli er stundum boðin vinna.

Því má segja að mansal grasseri enn í löndunum en taki á sig nýjar myndir. Með tillögu-liðunum hér að framan leitast starfshópurinn við að orða tilmælin á þann veg að tekið sé tillit til nýrra tegunda afbrota sem eiga það sameiginlegt að fela í sér misneytingu á einstaklingum sem eru í bágrri stöðu og eiga engan kost á að fara eða losna úr neyðinni.

Starfshópurinn færir einnig rök fyrir því að semja skuli viðhorfsáætlun en hún er ólík aðgerða-áætlun að því leyti að tilgangurinn hennar er að breyta viðhorfum til þrælahaids nútímans. Því liggja einnig fyrir tilmæli um að samin verði viðhorfsáætlun gegn mansali.

Sjónarmið nefndarinnar

Norræna velferðarnefndin telur að halda skuli áfram baráttunni gegn mansali á meðan einstaklingar ganga kaupum og sölum og eru meðhöndlaðir eins og vörur. Þetta er þrælalaga vorra tíma.

Mansal er gífurlegt hnattrænt vandamál og því miður einnig á Norðurlöndum. Áskorunin felst í því að viðskipti og misneyting á einstaklingum er margvísleg og því verða afbrotin margslungnari en tíðkast hafa fram að þessu. Með tillögunni leitast norræna velferðarnefndin leitast við að endurskoða tilmælin á þann veg að tekið sé mið af nýjum tegundum mansals sem felast í margslungnum afbrotum.



Nefndinni er ljóst að mansal á sér engin landamæri og því þarf alþjóðlegt samstarf til að stemma stigu við mansali og aðlaga ýmsa sáttmála og löggjöf á þessu sviði. Mansal er jafnframt talið vera eitt stærsta ólöglega efnahagskerfi heims. Nefndin telur því ástæðu til að rannsaka og meta umfang þessa ólöglega hagkerfis á Norðurlöndum.

Að lokum telur nefndin að baráttan gegn mansali eigi einnig að felast í breyttum viðhorfum. Allar tegundir misneytingar, nauðungar og mansals eru óásættanlegar. Í tilmælunum er því hvatt til þess að unnin verði viðhorfsáætlun með siðferðislegum leiðbeiningum og átaks- aðgerðum í þeim tilgangi að draga úr eftirspurninni. Er það von norrænu velferðarnefndarinnar að hún leggi sitt af mörkum til baráttunnar gegn mansali með framangreindum aðgerðum og hyggst hún fylgjast grannt með framgangi mála í löndunum.

Ósló, 25. janúar 2017

Angelika Bengtsson (SD)
Anna-Maja Henriksson (sv)
Bengt Morten Wenstøb (H)
Hege Haukeland Liadal (A)
Jenis av Rana (Mfl)
Karen J. Klint (S)
Krista Mikkonen (gröna)

Lennart Axelsson (S)
Maria Stockhaus (M)
Pernille Schnoor (S)
Richard Jomshof (SD)
Rikard Larsson (S)
Sivert Haugen Bjørnstad (FrP)
Ulf Leirstein (FrP)